

Mál nr. 464/2021**M og
V vegna Kaskótryggingar ökutækis.****Gildissvið vátryggingarsamnings. Eigin áhætta vátryggingartaka.****Gögn.**

Málskot móttakið 20. desember 2021, ásamt fylgiskjöllum.
Bréf f.h. V, dags. 24. janúar 2022.

Málsatvik.

Atvik máls má rekja til tjóns sem varð á útvarpsskjá í bifreið M, nánar tiltekið hinn 14. febrúar 2021. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu í öðru máli að M ætti rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V, nánar tiltekið með úrskurði í máli nr. 86/2021 hinn 20. apríl 2021, en ágreiningur hafði verið milli M og V um gildissvið vátryggingarskilmála vegna tjónsins. Af málskoti má ráða að M hafi í júlí 2021 farið með bifreið sína til viðgerðar og hafi í kjölfarið þurft að greiða eigin áhættu (sjálfsábyrgð) vegna tjónsins.

M telur að V hafi upplýst sig um að félagið greiddi allan kostnað vegna tjónsins og hann þyrfti ekki að greiða sjálfsábyrgð. M telur ekki koma fram í skilmálum V um sjálfsábyrgð og þar sem þriðji aðili hafi valdið tjóni þá eigi krafa um sjálfsábyrgð ekki við.

V vísar til 10. gr. vátryggingarskilmála kaskótryggingar þar sem segir að vátryggingartaki beri sjálfur eigin áhættu af hverju tjóni að þeirri fjárhæð sem fram kemur í vátryggingarskírteini og fjárhæðin 91.300 krónur hafi komið fram í slíku skírteini M.

Álit.

Vátryggingarsamningur M og V um kaskótryggingu fer eftir því sem kemur fram í vátryggingarskírteini og vátryggingarskilmálum um kaskótryggingu. Í gr. 10.1 vátryggingarskilmála kaskótryggingar V kemur með skýrum hætti fram að eigin áhætta vátryggingartaka greiðist af hverju tjóni í samræmi við upplýsingar í vátryggingarskírteini. Fjárhæð eigin áhættu M kemur skýrlega fram í vátryggingarskírteini hans og byggist krafa V um greiðslu eigin áhættu því á skýringum ákvæðum í vátryggingarsamningi. M á því ekki frekari rétt skv. vátryggingarsamningi.

Niðurstaða.

M er bundinn af því að greiða eigin áhættu, kr. 91.300, skv. gr. 10.1 í vátryggingarskilmálum hjá V.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir